


Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

SEPTEMBER 2018



9. tbl. 21. árg.



Yfir 100 fyrirtæki komin í Sjávarklasann



Bakkaskemman á Grandagarði hýsti áður netagerð en nú eru þar yfir hundrað fyrirtæki sem mörg tengjast sjávarútvegi og fleiri vilja bætast í hópinn.

Um 100 fyrirtæki eru nú staðsett í Sjávar-
klasanum á Grandagarði. Allt að 140 manns
starfa þar að ýmsum þróunarverkefnum flestum
tengdum sjávarútvegi. Sjávarklasinn nýtir alla
efri hæð gömlu Bakkaskemmunnar og er þegar
kominn með hluta af neðri hæðinni fyrir starfsemi
sína. Þar er Matarhöllin sem er hluti af þessu
umfangsmikla starfi.

Þór Sigfússon er upphafsmaður Sjávar-
kласans og framkvæmdastjóri. Hann segir upphafið að honum
liggja í framhaldsnámi sínu við Háskóla Íslands.
Hann hafi ákveðið að hrinda þeirri hugmyndafræði
sem fólst í doktorsverkefni hans í framkvæmd.
Þessi starfsemi byggir á hugmyndafræðinni um

samtengingu sem er að ryðja sér nokkuð til rúms
í atvinnustarfsemi. Þór segir að sá skilningur
vaxi hratt að samskipti og samstarf fólks jafnvel
af ólíkum toga og með mismunandi áhugamál,
reynslu og starfsemi geti skilað góðum árangri.
“Ég hef stundum sagt að kaffikannan geti skilað
meiru en góðum kaffisopa.” Það hefur gengið eftir
á Grandagarðinum. Nú er fjöldi aðila á biðlista að
komast í þetta samfélag og ljóst að auka þarf við
húsnæði Sjávarkласans. Þór er í ítarlegu viðtali í
Vesturbæjarblaðinu að þessu sinni þar sem fjallað
er um þessa nýjung í atvinnulífinu.

Sjá bls. 4 til 6.



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Erum á
Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími í sept, okt og nóv:
Mán-mið: 9.00-16.00.
Fim-fös: 9.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra
ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

www.borgarblod.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
Þín verslun



Sími 551-0224

Af nýslátruðu helgartilboð!

fimmtug - föstudag - laugardag - sunnudag
20. til 23. september, á meðan birgðir endast

Lambalæri úr kjötborði 1649 kr/kg
Lambahryggir úr kjötborði 2298 kr/kg
Súpukjöt og nýr innmatur, svið, lifur, hjörtu og nýru

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

9. tbl. 21. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Er hótelvæðingin á enda?

Vísbendingar eru um að farið sé að draga úr fjölgun ferðamanna til Íslands. Fjölgunin á undanförunum árum hefur verið líkust ævintýri. Skýringar á henni eru einkum stórauknar upplýsingar um Ísland sem finna má á Netinu og einnig mikill uppgangur í lággjaldaflugi sem ferðalangar hafa notið verulega.

Í hvert skipti sem flóðbylgja hefur ratað á fjörur hafa Íslendingar tekið skjót og mikil viðbrögð – en með misjöfnum afleiðingum. Menn muna sildarævintýrið um miðja síðustu öld. Makrílævintýrið á umliðnum árum. Bankabryljæðið er varð þegar erlent fjármagn tók að flæða til landsins í gegnum nýeinkavædda banka í upphafi þessarar aldar. Og nú síðast æðið sem sprottið hefur upp til að mæta straumi ferðafólks sem alltaf átti að vaxa.

Þótt erfitt sé að lesa í framtíðina um ferðir fólks til landsins og hversu stór hluti af þjóðartekjum muni fást með ferðapjónustu er ljóst að hægja mun á byggingu hótela. Einnig verður að finna þeim staði á stærra og dreifðara svæði en nú er. Miðborg Reykjavíkur og hluti Vesturbæjar er að verða hótélbyggð. Vissulega var löngu kominn tími til að endurbyggja ýmis óhrjáleig svæði – einkum í Miðborginni og nánd gömlu hafnarinnar en hótelin hafa orðið fyrirferðamikil.

Byggðin má ekki verða einsleit. Þótt ferðamenn séu yfirleitt af því góða þá þarf einnig rými fyrir íbúa. Hótelvæðingin má ekki þrengja að hefðbundnu mannlífi. Og nú eru spurningar um hvort hún sé að renna á endastöð eða ná eðlilegri eftirspurn.

Nú er Reykjavíkurborg farin að setja auknar hömlur á veitingu leyfa til hótélbygginga og bankar horfa gagnrýnni augum en áður til lánveitinga út á hótélbyggingar og rekstur. Þótt ferðapjónustan hafi skilað þjóðarbúinu miklu og lyft undir þá uppbyggingu sem þörf var á eftir bankahrunið fyrir áratug þarf að stíga með gætni til jarðar.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Allt að 4.200 fermetrar byggðir á Alliancereitnum

Gert er ráð fyrir að byggt verði allt að 4.200 fermetra húsnæðið á svonefndum Allancereit ofan Örfiriseyjar. Fimm verslunar- og þjónusturými eiga að vera á jarðhæð en íbúðir og jafnvel hótélherbergi á annarri og þriðju hæð. Þetta er samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var fyrr á þessu ári.

Alliancehúsið við Grandagarð 2 er nú í eigu Reykjavíkurborgar en hefur verið auglýst til sölu. Um er að ræða steinsteypt hús byggt á árunum 1924 og 1925 eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar, húsameistara. Húsið er talið hafa mikið gildi hvað byggingarlist varðar. Þar liggja meðal annars ástæður þess að borgaryfirvöld í Reykjavík ákváðu að festa kaup á húsinu á árinu 2012. Í dag starfa Sögusafnið, veitingahúsið Matur og drykkur og norðurljósasýning í húsinu.



Séð yfir Alliance húsið og nágrenni.

Íslenska auglýsingastofan í gamla bakaríishúsið

Íslenska auglýsingastofan mun flytja í gamla bakaríishúsið við Bræðraborgarstíg 16 sem löngum var kennt við Bakarí Jóns Síms.

Eftir að bakstri þar lauk var meðal annars bókaútgáfa til húsa þar, útgáfufélagin Forlagið og Bjartur og síðast höfuðstöðvar útgerðarfélagins Brim, en á þeim tíma sem Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brim og nú HB Granda réð þar ríkjum fóru fram umfangsmiklar umbætur á húsinu. Fasteignafélagið Stólpi er eigandi hússins í dag en að undanförunu hefur verið unnið að gagngerum endurbótum á því og húsið meðal annars málað steingrátt að utan sem sker það nokkuð úr umhverfinu við Bræðraborgarstíginn.



NESKIRKJA

Mannlífstorg í Vesturbæ

Messa og sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11.00

Foreldramorgnarn

ÞRIÐJUDAGA KL. 10.30

NEDÓ

Æskulýðsfélag fyrir 13+ þriðjudagskvöld

Heit súpa í hádeginu á þriðjudögum

Barnakórar, eldri og yngri, miðvikudaga

Bænastundir

þriðjudaga kl. 12.10

Barnastarf

6-7 ára mánudaga kl. 13.40
8-9 ára þriðjudaga kl. 13.40
10-12 ára þriðjudaga kl. 15.00

Krossgötur

SAMVERA ELDRIBORGARA
KL. 13.00 ÞRIÐJUDAGA

Myndlist á Torginu

Hvunndagshátíð

með máltíð, söng og fróðleik
fyrsta fimmtudagskvöld í mánuði

Nánari upplýsingar á www.neskirkja.is



GRANDI

ESTD *Hágæða* 2009

— KJÖTVÖRUR —

100%  Gæði

WWW.KJOTKOMPANI.IS

Grandagarði 29 | 101 Reykjavík

Kjötkompaní Hafnarfjörði & Grandi

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Sé fyrir mér sambylí og samfélag fólks og fyrirtækja

- segir Þór Sigfússon stofnandi Sjávarklasans

Á Grandagarði 16 í Örfirisey er hús sem löngum gekk undir nafninu Bakkaskemma. Húsið var byggt af Reykjavíkurhöfn árið 1976 og hafði Hampiðjan lengi afnot af stórum hluta þess þar sem unnið var að netagerð. Þetta var á þeim tíma er nánast eingöngu var að finna útvegsstarfsemi og greinar henni tengdar í þessum borgarhluta. Í byrjun þessarar aldar fór aukið líf að vaxa á Grandagarðinum. Ný fyrirtæki komu þar til sögu – fyrirtæki sem oft unnu að öðru en sjávarútvegi. Má þar nefna verslun, hönnun og nýsköpun og síðan veitingarekstur.

Segja má að stanslaus uppbygging hafi verið í Örfirisey það sem af er 21. öldinni. Bakkaskemman fór ekki varhluta af þessu breytta umhverfi því á árinu 2012 flutti Íslenski sjávarkalsinn inn í hluta hússins við Grandagarð 16 þar sem um 25 sprotafyrirtæki fengu aðstöðu. Um ári síðar var annar hluti húsnæðisins tekin í notkun og nú er Sjávarkalsinn með alla efri hæð hússins eða alls um 2.700 fermetra auk hluta

neðri hæðar. Þar eru nú starfandi um 100 fyrirtæki og um 140 einstaklingar hafa starfsstöð í húsnæðinu. Núverandi rými er fullnýtt en mikil eftirspurn er enn fyrir hendi og fyrirhugað að bæta frekar við húsnæði. Fyrirtækin í Sjávarklasnum eru af ýmsum toga en eitt af markmiðunum er að viðhafa ákveðna fjölbreytni í húsinu þótt mörg þeirra tengist sjó og sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti. Nú hefur Íslenski ferðakalsinn tekið til starfa á Grandanum þar sem unnið á svipuðum nótum að ferðamálum og síðast en ekki síst hefur Mathöllin notið mikilla vinsælda frá því hún var opnuð á neðri hæð við Grandagarð 16 fyrr á þessu ári. En hvert var upphafið af þessari fjölbreyttu starfsemi. Að gömul netagerð var að klasa framsækinnna sprotafyrirtækja. Vesturbjarblaðið hitti Þór Sigfússon stofnanda og framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans á dögnum.

Byrjaði í doktorsverkefni

Þór segir aðdragandann að þessu hafa verið að hann fór til framhaldsnáms við Háskóla

Íslands. Doktorsverkefni sitt hafi fjallað um frumkvöðla og hvernig mætti nýta tengslanet til þess að þróa hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Hann kveðst meðal annars hafa notið dyggar aðstoðar Ingjalds heitins Hannibalssonar og Ragnars Árnasonar prófessora við verkefni sitt. “Hugmyndin var að skoða hvort og hvernig væri hægt að auka þau verðmæti sem verða til úr sjávarafla með því að nota ákveðna tækni. Þar á ég við þá tækni sem samtenging býður upp á en hefur oft verið vanmetin og um leið að skoða áhrif sjávarútvegs á íslenskt efnahagslíf. Þarna vaknaði áhuginn fyrir alvöru hjá mér. Áhugi á að finna leiðir til þess að stækka sjávarútveginn með því að nota tengingar við aðra aðila. Þarna sáum við fljótt möguleika á að framleiða heilsuvörur og jafnvel snyrtivörur úr sjávarfangi sem á árum áður var jafnvel látið fara fyrir borð. Þetta endaði með því að ég tók þetta fyrir í doktorsnáminu við Háskólann og skrifaði doktorsritgerð um verkefnið. Þar má segja að upphafið hafi legið. Á árinu 2012 vorum við nokkur búnir að húa okkur saman. Við vorum



Þór Sigfússon stofnandi og framkvæmdastjóri Sjávarklasans.



Við eigum fyrirliggjandi pústkerfi í flestar tegundir bifreiða!

Kvíkk þjónustan sérhæfir sig í pústþjónustu fyrir flestar gerðir bifreiða. Um er að ræða viðgerðir og smíði auk þess sem við flytjum inn pústkerfi á góðu verði.

Einnig sinnum við öðrum þáttum bifreiðaviðgerða s.s. bremsuviðgerðum, undirvagnviðgerðum, stýrisgangi og fjöðrunarbúnaði.

Við leggjum metnað okkar í vandaða þjónustu á góðu verði svo hagkvæmt verði að leita til okkar.



Grillaðu eins og meistari með Kamado grilli



Kamado grillin eru einstök þegar þú vilt ná fram því besta í matargerðinni.

Með Kamado Cito grilli nærð þú fullkomnum árangri og hefur endalausa möguleika til að grilla, steikja, baka, reykja eða hægelda.

Vagnhöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 5 200 600 - kvikk@kvikk.is - kvikk.is



Vagnhöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 5 200 600 - grill@kvikk.is - kamadogrill.is



Fjölmenni í Mathöllinni. Á myndinni sest bæði hversu hrátt húsnæðið er en einnig litríkt og skemmtilegt.

átta sem byrjuðum. Þótt við höfum tekið þetta skref fyrir skref eins og sagt er hefur þróunin orði hröð því nú erum um 100 aðilar komnir hér með aðstöðu og störf. Staðsetningin og húsnæðið getur ekki verið betra. Við erum alveg í rétta umhverfinu hér við höfnina. Viðtökurnar hafa verið góðar og mun hraðari en við bjuggumst við. Ég held að sá skilningur vaxi hratt að samskipti og samstarf fólks jafnvel af ólíkum toga og með mismunandi áhugamál, reynslu og starfsemi sem þó tengist að einhverju leyti fæði af sér nýjar hugmyndir og starfsemi. Ég hef stundum sagt að kaffikannan geti skilað meiru en góðum kaffisopa. Fólk hittist á kaffistofunni, lætur renna í bollann sinn og sest niður og spjallar. Síðan fæðast hugmyndir og nýjar tengingar. Þetta gengur koll af kolli. Ég man að þegar við vorum að byrja þá

áttu sumir erfitt með að skylda þessa hugmyndafræði. Átta sig á út á hvað hún gengi. Þetta var nýtt fyrir mörgum en þegar fólk fór að hugsa um þetta af alvöru kom það auga á möguleikana.”

Byggist á að fá fólk til að vinna saman

Þór bendir á að í næsta nágrenni við Sjávarklasann sé verið að byggja Hús ferðakalsans upp. “Þar er verið að vinna að ferðamálum og þróun tengdri þeim á sömu forsendum og Sjávarklasinn hefur verið byggður upp. Þau eru að vinna á sama hátt og við. Eigum við að segja á sama “kaffikönnu grunninum” og við erum að vinna á. Að fá fólk til þess að vinna saman.” Þór segir að um 70% þeirra fyrirtækja sem eiga í samstarfi við Sjávarkalsann eigi einnig í samstarfi við aðra aðila.

“Það er mikilvægt að fá sem flesta til liðs við okkur. Þannig fæst mismunandi fagþekking fólks og blandast saman. Þarna á ég bæði við aðila sem eru að starfa í sjávarútvegsgeiranum og einnig á öðrum stöðum atvinnulífsins. Þetta er allt nátegt. Matvælaíðnaðurinn eins og hann leggur sig. Hönnuðir sem eru að þróa umbúðir, markaðsfólk sem er að leita nýrra markaða, bæði fyrir þekktar vörur og einnig vörur sem eru að verða til fyrir nýsköpun og svona mætti telja áfram. Það er líka mikilvægt fyrir okkar að fá fólk sem er að leita eftir samstarfi við aðra bæði í starfsemi tengdri sjávarútvegi en einnig í öðru.”

Eins og sýning sem er opin allan ársins hring

Þegar farið er um húsnæði sjávarklasans vekur athygli

hversu rúmgott og bjart þar er yfirlitum jafnvel þótt sums staðar megi sáttir nokkuð þröngt sitja. Þór segir samskipti á milli aðila mikil en einnig sé lögð áhersla á að hafa góð fundarherbergi þegar einhverjir vilji vera í næði með samstarfsmenn eða gesti sína. “Það má ef til vill segja að húsnæðið hjá okkur virki eins og sýning sem er opin allan ársins hring. Fólk á eitthvert erindi hingað. Ef til vill við eitt fyrirtæki innan klasans en áður en langt er um liðið hafa menn verið sestir á rökstóla með fulltrúum fjölda annarra fyrirtækja. Því má segja að hvert fyrirtæki virki eins og segull. Þannig verða hin mannlegu samskipti til sem eru upphaf alls. Þannig virkar kaffikönnukenningin.” Þór segir að í nýlegri athugun Íslenska sjávarklasans á samstarfi fyrirtækja þar hafi komið í ljós að um 70% þeirra höfðu átt samstarf við annað fyrirtæki í húsinu á undanförunum tveimur árum. Hann segir að þetta hlutfall sé töluvert hærra þegar Sjávarkalsinn er borinn saman við sambærileg hús eða fyrirtæki erlendis þar sem svipaðar aðstæður eru í boði. Þetta kemur að nokkru til af því að fyrirtækin deila sameiginlegu rými. Þá flæða upplýsingarnar fyrr á milli og hugmyndir þróast – oft í aðrar áttir en þegar fólk fer fyrst að spjalla saman.”

Mathöllin nýtur sívaxandi vinsælda

Fyrsti „götubita“ staðurinn á Íslandi, Grandi mathöll var opnaður fyrir gesti og gangandi helgina 1. til 3. júní samhlíða Hátíð hafnsins á liðnu sumri. Grandi mathöll er staðsett í húsi Sjávarkalsans og hluti af starfsemi hans. Þar bjóða níu veitingabásar eða -vagnar upp á frumlega rétti

með áherslu á íslenskt hráefni. Þeir bjóða einnig upp á íslenskt grænmeti og brauð, ásamt kaffi, bjór og víni. Nálægðin við sjóinn er einstök og alveg eins víst að gestir upplifi löndun á fiski – fiski sem gæti endað á diskum gesta. Þá verða seldar vörur matarfrumkvöðla sem hafa aðsetur á efri hæð í Húsi sjávarklasans. Þór segir fyrirmyndina að Granda mathöll megi meðal annars rekja til Copenhagen Street Food á Papirsöen í Kaupmannahöfn. “Götubitastaðir eiga sér langa sögu í alþjóðlegri matarmenningu. Fyrstu götubitastaðirnir sem sögur fara af buðu Forngríkkjum upp á steiktan fisk og þeir voru lengi vinsælir á meðal fátækra fjölskyldna. Þetta hefur breyst í tímans rás og nú eru slíkir staðir vinsælir um allan heim. Einkenni götubitastaða nútímans eru að þeir bjóða ýmsa smárétti á viðráðanlegu verði og eru oft í eigu fjölskyldna eða einstaklinga sem sjálf vinna við matargerðina.” Þór segir að upplifunin á Granda mathöll verður ekki einskorðuð við mat og drykk því litríkt umhverfið, þar sem hver bás hefur sinn stíl, í návígi við einstakt hafnarútsýnið muni búa til skemmtilega karnival stemningu við höfnina.”

Þurfum meira rými

En hvað með framtíðina. Á að láta staðar numið eða halda áfram á sömu braut og jafnvel að þróa aðrar. “Við ætlum að halda áfram,” segir Þór. “Vaxtamöguleikar fyrir smærri fyrirtækin sem eru hér í Klasahúsinu eru takmarkaðir og einnig eru nokkur fyrirtæki á biðlista um að komast að. Við áætluðum að taka alla neðri hæðina hér í notkun en Matarhöllin er nú þegar þar í um 600 fermetra rými.

framhald á bls. 6.



Opnum núna 9:00!



FLJÓTUM Í SKAMMDEGINU!

Leitum inn á við með Flothettunni frábæru. Í netsölu á www.systrasamlagid.is



JURTIR GEGN STREITU! 25% AFSLÁTTUR til 1. okt.

Ashwagandha og burnirót. Lífrænar. Vegan. Án auka- og fylliefna. Ps. Jurtinar sem jógarnir elska.



HM HAFRAGRAUTUR ALLA MORGNA!

Einstaklega bragðgóðir nærandi alla virka morgna. Grautar sem flokkast með þeim allra bestu og hafa keppt á HM í hafragrautargerð í Skotlandi.



LÍFRÆN JÓGAFÖT

Nýtt jóga-fatamerki á Íslandi. Ripple framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag. Líka frábærar jógabuxur og fallega boli.



CACAÓ & ANNAD Á BOÐEFNABARNUM

Bjóðum allskyns seiðandi drykki boðefnabarnum sem næra bæði líkama og sál. Cacaó, turmeiklatte, bláberjalatte, Líka samlokur, skot og ómóstaðilegt bananabrauð.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla
miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Afgreiðslutími í sept, okt og nóv:
Mán-mið: 9.00-16.00.
Fim-fös: 9.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

framhald af bls. 4-5.

Mér finnst eðlilegt að horfa til lengri framtíðar og meta hvaða möguleikar geta verið í boði þegar um stækkun Sjávarklasans er að ræða. Ég sé fyrir mér að við þurfum meira rými og þá koma fram spurningar um möguleikana á að stækka þetta hús. En ef við horfum lengra fram í tímann þá er reynslan erlendis frá sú að starfsemi af þeirri gerð sem Sjávarkalsinn er eflist önnur starfsemi í nándinni og umhverfið allt. Þetta er þegar orðin raunin hér á Grandagarðinum. Fjölmennir hópar starfsfólks á Grandanum og nágrennis og gesta þeirra njóta þjónustu veitingahúsa sem staðsett eru hér í Sjávarkalsanum. Hópur hönnuða sem staðsettir eru í gömlu verbúðunum hér hinum megin við götuna gera svæðið áhugavert og nálægðin við höfnina og einnig fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi í ýmsum myndum.”

Nýsköpunarbyggð í Örfirisey

“Ef við horfum til lengri tíma er draumurinn sá að nýsköpunarbyggð verði til í Örfirisey. Með Sjávarkalsanum og nú Ferðakalsanum er kominn ákveðinn grunnur. Við erum byrjaðir og því þá ekki að halda áfram. Viða erlendis hafa nýsköpunarbyggðir risið á eldri hafnarsvæðum. Gott dæmi um það er í Boston þar sem húsnæði sem áður hýsti verkmiðjur og vöruskemmur hýsir nú nýsköpunarfyrirtæki, hönnunarstofur, auglýsingastofur, gallerí og jafnvel háskólastofnanir. Þarna kemur deiliahagkerfið við sögu og einnig sú þróun að borgir eru í auknum mæli að færa sig til sjávar. Atvinnulífið fer á undan og þá kýs fólk einnig að búa á þessum svæðum.”

Takmörkuð íbúðabyggð tengd við atvinnustarfsemi

Þór segir að frá því að Íslenski sjávarklasinn fór af stað á hafnarsvæðinu hafi hann vaxið og dafnað. Það rými sem hann hafi sé nú komið að þanmörkum og ljóst að nú þurfi að stíga næstu skref í uppbyggingu. “Ég tel mikla möguleika á frekari vexti hér í nærumhverfinu og tækifærin til að gera byggðina skemmtilegri fjölmörg. Við það nýttast vonandi sumar af þeim hugmyndum og fyrirmyndum sem við höfum verið að kynna. Sjávarklasinn vill vera virkur þátttakandi í þróun Örfiriseyinnar. Ég tel að í þessu verkefni sem sjávarklasinn er felist mörg áhugaverð tækifæri verði rétt haldið á málum. Við erum því reiðubúin til samstarfs við þá aðila sem eru áhugasamir um að auka uppbygginguna.” Þór bendir á að í dag sé Örfirisey um 55 hektarar að stærð og hafi verið stækkuð um 35 hektara með landfyllingum frá árinu 1968. Fyrir rúmum áratug voru uppi hugmyndir um íbúðabyggð á Grandanum en síðar var fallið frá þeim og hinn eiginlegi Grandi er í dag allur skilgreindur sem atvinnu- og hafnarsvæði. Eftir það fór aðdráttaraflið svæðisins að aukast verulega og þar hefur risið upp margvísleg starfsemi. Þór hefur lagt fram hugmyndir um að tengja megi þá atvinnubyggð sem nú er að rísa í Örfirisey við íbúðabyggð eða blanda henni saman. “Ég hef kynnt þessar hugmyndir fyrir Reykjavíkurborg og einnig fyrir Hjörleifi Jakobssyni sem á fasteignir á þessu svæði. Þarna er ég með litlar íbúðir í huga. Íbúðir þar sem fólk hefur sitt einkalíf en nýtir síðan önnur rými sameiginlega á grundvelli deiliahagkerfis. Yngra fólk gerir aðrar kröfur í dag en margir hinna eldri. Það leggur meiri áherslu á umhverfismál og þekkir líka betur til kosta deiliahagkerfisins. Ég sé alveg fyrir mér að sambýli og samfélag fólks og fyrirtækja geti þróast með þessum hætti í Örfirisey.”





reykjavikrost.is

Verðlaunuð hús í Vesturbæ og Miðborg

Fríkirkjuvegur 3 og Nýlendugata 24

Tvö eldri hús í Vesturbæ og Miðborg Reykjavíkur hlutu viðurkenningar fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum í Reykjavík árið 2018. Það eru húsín við Fríkirkjuveg 3 og Nýlendugötu 24.

Húsið við Fríkirkjuveg 3 var byggt árið 1905 sem íbúðarhús í hinum íslenska bárujárnssveitserstíl. Höfundur hússins er ókunnur en Sigurður Thoroddsen verkfræðingur reisti húsið fyrir sig og fjölskyldu sína. Breytingar og endurbætur á húsinu hafa verið gerðar í samræmi við gerð og aldur þess eftir teikningum Stefáns Arnar Stefánssonar og Grétars Markússonar, arkitekta hjá ARGOS ehf.

Nýlendugata 24 er íbúðarhús, byggt árið 1906 í stíl sem kallaður hefur verið íslenskur bárujárnssveitser. Höfundur hússins er ókunnur en fyrsti eigandi var Jóhannes Guðmundsson skipstjóri. Húsið er hluti af þeirri byggð sem reis norðan Vesturgötu í kringum aldamótin 1900. Engar upprunalegar teikningar fundust af húsinu en samkvæmt lýsingu í brunavirðingum og af ljósmyndum sem teknar voru af því fyrir 1926 má sjá að það hefur haldið upphaflegri gerð og verið varðveitt af kostgæfni með tilliti til upprunalegs útlits.

Eitt af húsunum sem byggð voru ofan gömlu hafnarinnar en neðan Vesturgötu á fyrstu árum liðinnar aldar.



Húsið við Fríkirkjuveg 3 var byggt árið 1905.



HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333



Minjastofnun
Íslands



Borgarsögusafn
Reykjavíkur
Reykjavík City Museum



IDAN
fræðslusetur



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

**ÓSKUM VESTURBÆINGUM
TIL HAMINGJU MEÐ
NÝJU VIÐBYGGINGUNA
VIÐ VESTURBÆJARSKÓLA**



MUNCK
ÍSLANDI



Sýningastýrð hönnunarverslun í Verkamannabústöðunum

Hönnunarverslunin SKEKK er starfrækt í sýningarrými í húsnæði verkamannabústaðanna við Hofsvallagötu 16 en gengið er inn frá Ásvallagötu í Vesturbæ Reykjavíkur. SKEKK er sýningarstýrð hönnunarverslun og sýningarrými sem helgar sig því sem hæst ber í alþjóðlegri samtímahönnun og handverki. Eigandi verslunarinnar er Gunnar M. Pétursson. Vesturbæjarblaðið skráði í kaffi til hans á dögunum.

Verslunin opnaði að sögn Gunnars í núverandi húsnæði í lok mars mánaðar á liðnum vetri en hún hafði þá starfað undanfarin sex ár, eða frá HönnunarMars 2012, sem vefverslun á slóðinni skekk.com. Vaxandi þáttur í starfsemi SKEKK er þátttaka í framleiðslu einstakra muna í samstarfi við suma af fremstu hönnuðum samtímans á borð við David Taylor, HABA Studio, And Anti Matter o.fl. Gunnar segist leggja mikið upp úr góðu og persónulegu samstarfi við þá hönnuði sem verslunin hefur á sínum snærum og að verslanir af þessari gerð þekkist víða erlendis en sér vitanlega sé engin önnur verslun sem starfi eftir nákvæmlega þessu módeli hér á landi. Gunnar er myndlistarmaður að mennt og kveðst því koma aðeins bakdyramegin inn í hönnunarheiminn, þótt skilin á milli þessara tveggja heima séu ekki alltaf eins skörp og margir halda. “Ég er að kynna hönnunarvörur og listmuni sem oft á tíðum eru framleiddir í



Gunnar Már Pétursson eigandi SKEKK á Ásvallagötunni.

takmörkuðu upplagi,” segir hann og nefnir í því samhengi sænsk-skoska hönnuðinn David Taylor sem dæmi. Verk sín hannar hann og smíðar sjálfur í örfáum eintökum og hafa þau því mikið söfnunargildi. Sama gildir um íslenska hönnunarteymið And Anti Matter sem hefur vakið athygli erlendis að undanfögnu.

Er að færa fókussinn á Mið Evrópu

Skandinavísk hönnun hefur verið í miklum metum hér á landi lengi og er hlutur hennar nokkuð stór,

sem er vel enda gæðin mikil eins og Íslendingar vita. “Vissulega eru skandinavísk merki á boðstólum hér en mig langar að auka hlut annarra svæða og er fókussinn nokkuð á Mið-Evrópu í augnablikinu. Ef eitthvað gott kemur fram skipir ekki máli hvaðan það kemur heldur Til Enskur umboðsaðili fyrir hinar margverðlaunuðu hollensku DTILE flísar, en framleiðandi þeirra vildi reyna nýja leið með því að tengja flísarnar sterklega inn í hönnunarheiminn. Ýmis sýnishorn er að finna í versluninni í Verkamannabústöðunum og er sjón sögu ríkari.



Hér má líta nokkra hönnunarmuni sem til eru í SKEKK



Í Hönnunarversluninni SKEKK.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



MAGNESÍUM ♥ KÍSILL HIN FULLKOMNA TVENNA FYRIR HEILSU OG FEGURÐ



Punktar og Peningar

LÆKKADU VERÐIÐ MEÐ VILDARPUNKTUM

PUNKTAR



PENINGAR



Hvað átt þú marga punkta?
Nýttu þér Punkta og Peninga og láttu Vildarpunktana þína ganga upp í flugmiðann. Kannaðu stöðuna. Verðið gæti komið þér ánægjulega á óvart.

+ icelandair.is



Skemmtileg staðreynd: Þú safnar líka punktum þegar þú bókar flug með punktum

Exeterhúsið í endurnýjun lífdaga



Aðalbygging hins nýja hótels er endurgerð á gamla Exeter húsinu sem var reyst upprunalega árið 1904 og þá sem geymsluskúr. Húsið hefur nú verið tengt við nýbyggingar og ber heildarútlit hótelsins merki nútíma arkitektúrs auk þess að heiðra hina gömlu götummynd Tryggvagötu. Nýbygging hótelsins er vinstra megin við húsið en til hægri á myndinni er gamla Fiskhöllin þar sem nú er unnið að viðgerðum og endurbótum.

Exeterhúsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Keahótel ehf. hafa opnað nýtt og glæsilegt fjögurra stjörnu hótél, Exeter Hotel, við Tryggvagötu 12. Hótelíð dregur nafn sitt af hinu þekktu Exeter húsi sem stóð á reitnum og hefur nú verið endurgert og felld inn í breytta götummynd við gömlu höfnina.

Hótelíð er hannað í nútímalegum iðnaðarstíl með sterkri tengingu við sögu svæðisins. Á jarðhæð hússins við Tryggvagötu er opið veitingarými þar sem boðið er upp á nýstárlega matarupplifun. Hönnun og útlit hótelsins var í höndum Richard Blurton og Sigurðar Halldórssonar hjá Gláma-Kím Arkitektum og sá byggingverktakinn Mannverk um byggingarframkvæmdir.

Rífið í leyfisleysi

Mál varð úr þegar rúmlega hundrað ára gamalt hús við Tryggvagötu 12 Exeter húsið var rífið í leyfisleysi en það var reist árið 1906. Samkomulag náðist síðan um endurbyggingu þess. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi var heimilt að lyfta húsinu, breyta formi þaks eða gera viðbyggingu. Einnig var gefið út byggingarleyfi sem veitti leyfi til að rífa hluta hússins til undirbúnings endurbóta á því og húsinu á lóðinni við hliðina, Tryggvagötu 14. Haft var eftir Péttri Ármannssyni sviðstjóra hjá Minjastofnun Íslands að lítið sem ekkert hafi verið hægt að nýta af timbrinu úr gamla húsinu.

Smiðjudagar í Frosta

Nú er starfið í félagsmiðstöðinni Frosta farið á fullt og hafa fyrstu vikur gengið alveg hreint frábærlega. Mikið hefur verið um að vera og eru bæði ungmennti og starfsfólk spennt fyrir komandi vetri.

Loksins er hægt að bjóða uppá meira starf fyrir 10 til 12 ára og ætlunin er að framkvæma það þannig að á hverjum föstudegi frá 17:00 til 18:30 í Tjörninni hjá KR verði smiðjur í boði fyrir alla árganga 5., 6. og 7. bekk. Það verður takmarkað pláss í smiðjurnar einungis vegna þess hve stórum og breiðum hópi af börnum við þjónustum. Börnin geta þannig einungis mætt í Frosta á föstudögum ef þau eru skráð. Skráning í smiðjurnar fer fram á skráning. fristund.is og opnar skráningin í hádeginu á mánudögum og lýkur á hádegis á föstudögum. Skrá þarf börnin viku fyrir viku en

það er gert til þess að sem flest þeirra fái tækifæri á því að nýta sér smiðjurnar.

Félagsmiðstöðin Frosti þjónustar börn á aldrinum 10 til 16 ára í Grandaskóla, Landakotsskóla, Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Hagaskóla. Samtals þjónar félagsmiðstöðin um 1250 börn og unglinga. Samtals eru um 650 börn í 5. til 7. bekk og um 600 unglingar í 8.-10. bekk. Starfsemi Frosta fyrir 5. til 7. bekk fer fram í Tjörninni í Frostaskjól og starfið fyrir 8. til 10. bekk fer að mestu fram í húsnæði Frosta í kjallara Hagaskóla við Fornhaga.

Starfsfólk Frosta hefur það að markmiði að efla félagsfærni barna og unglinga, styrkja sjálfstraust þeirra og stuðla að jákvæðum samskiptum í gegnum uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf. Við viljum útvega börnum og unglingum vettvang til að hafa áhrif á samfélagið

OPNUNARTÍMI
FROSTA
2018-2019

5.BEKKUR
MIÐVÍKUDAGAR 17.00-18.30
6.BEKKUR
ÞRIÐJUDAGAR 17.00-18.30
7.BEKKUR
FIMMTUDAGAR 17.00-18.30
5. 6. og 7. BEKKUR
FÖSTUDAGAR 17.00-18.30
SMIÐJUDAGAR!
SKRÁNING INNA SKRÁNING.FRISTUND.IS

ALLAR OPNANIR FARA FRAM Í TJÖRNINNI
(HJÁ KR)
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!

sitt, hjálpa þeim að bera kennsl á styrkleika sína og skapa góðar minningar frá unglingsárunum.

Samvinna í Frostheimum

Gildi Frostheima í september er Samvinna sem einnig er rauður þráður í öllu starfi í mánuðinum. Haust og vetrarstarfið í Frostheimum er komið á fullt eftir sumarið.

Farið er í skemmtilega samvinnuleiki, tekin sameiginleg ábyrgð og börnin virkjuð meðal annars í hugtakinu: margar hendur vinna létt verk. Við vinnum Saman er unnið að því að því að láta öllum líða vel í Frostheimum og gera dvölin þar sem besta fyrir alla. Samvinnusmiðjan flóttaherbergið nýtur gríðarlegra vinsælda en 12 börn í hvert skiptið þurfa að vinna saman að því að leysa þrautir og verkefni til að komast út úr herberginu áður en tíminn rennur út og ímynduð sprengja springur og litar alla rauða.



Ánægður samstarfshópur í Frostheimum.

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi



arna

PÓSTURINN

PERMA

HÁRSNYRTISTOFA

VÍNBUÐIN

3ernir

Eiðistorgi, 2 hæð.
--- kvikmyndagerð --- klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---

ljósmyndastofa Erlings

Silla og Erling
552-0624
erling.is

MUNDO

www.mundo.is

Skjámynd

skjamynd.is - fjarskipthandbokin.is



Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.




Gerð 1384

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar

Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Hreyfing og orka á Aflagrandanum

- Helga Ösp tekin við félagsstarfinu

„Við ætlum að breyta aðeins um takt í félagsstarfinu hér í haust og vestur,“ segir Sigríður Guðný Gísladóttir eða Siri sem nú hefur tekið við starfi verkefnastjóra félagsstarfsins. „Við ætlum að leggja megin áherslu á hreyfingu. Við fundum það í starfinu með KR í fyrra hvað fólk var ánægt og hafði virkilega gaman af því að hreyfa sig. Þetta þýðir þó ekki að við ætlum að slá slöku við annað félagsstarf. Meiri hreyfing verður viðbót sem margir hafa óskað eftir.

Nú hefur Helga Ösp Jóhannesdóttir tekið við félagsstarfinu.

Þær Siri og Helga segja haust- og vetrarstarfið vera að komast í gang. Flest námskeiðin frá síðasta ári verða áfram. Þar má nefna jóga og nú á að reyna nýjung þar sem fólk getur stundað jóga í fleiri stellingum en uppréttir. Zumba gold námskeið fyrir 60 ára og eldri verður áfram en það er skemmtileg og góð hreyfing fyrir bæði konur og karla.

Ritun endurminninga með Björgu Árnadóttur fer aftur af stað en það mæltist mjög vel fyrir á síðasta vetri. Nú er ætlunin að fara aðeins nýja leið í boccia en það er að blanda saman eldra og yngra fólki.

Starfið með KR heldur áfram og þessa dagana er verið að svipast upp eftir sjúkraþjálfara til þess að leiða það. „Það verður fullt hús af

námskeiðum og öðru félagsstarfi á Aflagrandanum í vetur og áherslan verður lögð á hreyfingu og orku.



Helga Ösp Jóhannesdóttir forstöðumaður í félagsstarfinu á Aflagrandu.



Siri Guðný Gísladóttir verkefnastjóri á Aflagrandu.




Er maginnn í steik?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Omeprazol Actavis, 20 mg magasýrupólin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtíma meðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfelld áður en einkennin réna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is



Vesturbæjarskóli

Viðbyggingin tilbúin



Þessi mynd var tekin á byggingarsvæði Vesturbæjarskóla þegar borgarstjóri brá sér í heimsókn þangað.

Viðbyggingin við Vesturbæjarskóla er að klárast. Samkvæmt upplýsingum frá Munck Íslandi er nú unnið að lokaúttektum og þrifum og eru starfsmenn á vegum skólans byrjaðir að koma sér fyrir. Gert er ráð fyrir að taka viðbygginguna í notkun á næstu dögum.

Viðbyggingin er um 1.330 fermetrar að flatarmáli á tveimur hæðum og að auki er gróðurhús og þakgarður uppi á þakinu. Innifalið í verkinu er allur innanhúss- og utanhússfrágangur með aðlögun og breytingum í teningum við eldri bygginguna. Vesturbæjarskóli er staðsettur við Sólvallagötu 67 og viðbyggingin er staðsett á norðurhluta lóðarinnar að vestanverðu með inngangi á norðurhlíð. Viðbyggingin er þrígga hæða. Á jarðhæð er rými fyrir tónlistarkennslu, kennslu og fjölnotasalur. Á annari hæð eru kennslustofur og á þriðju er gróðurhús og þakgarður.

Hverfið mitt – Vesturbær:

Sjónauki, gönguleiðir og nýtt Hagatorg

„Það gengur ákaflega vel að láta hugmyndir íbúa verða að veruleika,“ segir Bragi Bergsson, verkefnastjóri framkvæmda fyrir Hverfið mitt. „Eftir að niðurstöður kosninga lágu fyrir gátum við boðið verkið út tímanlega fyrir sumarið og með þessu fyrirkomulagi gengur mun betur að láta dæmið ganga upp,“ segir Bragi.

Íbúar í Reykjavíku kusu 76 verkefni til framkvæmda í ár, en alls voru 450 milljónir króna í framkvæmdapottinum og skiptist sú upphæð milli hverfa. Kosið var í nóvember fyrir tæpu ári síðan og var kosningabátttaka sú besta til þessa. Í beinu framhaldi af kosningum var unnið að verkhönnun og gerð útboðsgagna.

Hugmyndirnar sem íbúar í Vesturbæ kusu til framkvæmda voru:

- Gönguleið yfir Hofsvallagötu
- Fjölga ruslatunnum í Vesturbænum
- Lýsing við göngustíg á Ægissíðu
- Sjónauki við Eiðsgranda
- Endurbætur á leikvelli við Tómasarhaga
- Hagatorg tengt við nærumhverfi
- Endurbætur á körfuboltavelli milli Faxaskjól og Sörlaskjól

Flest þessara verkefna eru búin eða á lokastigi framkvæmdar. Eitt verkefnið lendir að vísu í bið, en það er lýsingin við göngustíg á Ægissíðu. Töluverðar umræður urðu um það verkefni á samfélagsmiðlum eftir að það var kosið og voru skiptar skoðanir. Bragi segir að í framhaldi hafi verið ákveðið að bíða með framkvæmdir þar til fyrir lægi heildstætt ljósvistarskipulag fyrir Reykjavík.

Annað stórt verkefni sem hefur þurft mikla yfirlegu hönnuða og fagaðila síðustu mánuði er Hagatorg. Íbúar kusu bætt aðgengi gangandi inn á torgið yfir akbraut. Umferð gangandi og akandi var skoðuð til að sjá bestu og öruggustu legu göngu- og hjólastíga við torgið í framtíðinni. Framkvæmdir við þennan 1. áfanga hefjast á næstu vikum. Í hverfakosningunum núna í október gefst íbúum kostur á að kjósa 2. áfanga Hagatorgs, sem snýr að því að leggja stíga um torgið, búa til dvalarsvæði og gróðursetja.

Braga er mikið í mun að miðla góðum upplýsingum um stöðu framkvæmdanna og má sjá gott yfirlit



Bragi Bergsson verkefnisstjóri við sjónaukann sem settur var upp við Eiðsgranda í sumar og vakið hefur mikla lukku meðal vegfarenda.

yfir verkin í Framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar. Upplýsingasíða fyrir Vesturbæ hefur eftirfarandi léttleikandi og nettu vefslóð <https://reykjavik.is/framkvæmdasjain/hverfid-mitt-vesturbaer-framkvaemdir-2018>, en auðvitað má einnig gúggla „Vesturbær Hverfið mitt“. Á upplýsingasíðunni eru vísanir á upphaflegu hugmyndina, kosningatillöguna og síðan endanlega verkhönnun. Bragi segir að auðvitað geti hugmyndir tekið breytingum og oft þurfi að laga þær að þeim ramma sem deiliskipulag setur.

Næsta kosning verður spennandi. Auk þess að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sumarsins hefur Bragi einnig á sinni könnu að vinna úr þeim rúmlega 800 hugmyndum sem söfnuðust í mars. Fyrir hvert hverfi verður stillt upp 20 – 25 hugmyndum og unnin frumhönnun fyrir hverja þeirra og hún kostnaðarmetin. Bragi segir að fjölmargar góðar hugmyndir hafi skilað sér.

Það kemur síðan í hlut íbúa að ákveða hvað verði framkvæmt. Kosningavefurinn verður opinn í nær tvær vikur. Íbúar eru hvattir til að kjósa og vakin er athygli á að þeim er heimilt að hampa eftirlætishugmynd sinni og hvetja aðra til þátttöku. Kosningaaldurinn í íbúakosningunni var lækkaður um eitt ár og hafa nú allir íbúar 15 ára og eldri kosningarétt.

Kosið verður 17. - 30. október 2018 á vefsíðunni hverfidmitt.is.

Tilvalin gjöf fyrir dömur á öllum aldri



... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Krínglu og Austurverí, Snýrtivöru- búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif
höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Fyrir líkama og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds



Sími: 411 5000 • www.itr.is

DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN



VERTU VELKOMINN VETUR KONUNGUR



ECCO
URBAN SNOWBOARDER
STÆRD 27-35
VERÐ 11.995 KR.



ECCO
URBAN MINI
STÆRD 20-30
VERÐ 10.995 KR.



ECCO
URBAN SNOWBOARDER
STÆRD 36-40
VERÐ 13.995 KR.



ECCO
FIRST KULDASKÓR
STÆRD 19-26
VERÐ 9.995 KR.



ECCO
URBAN MINI
STÆRD 20-27
VERÐ 10.995 KR.



DIDRIKSONS
NORDEN ÚLPA
STÆRD 140-170
VERÐ 20.995 KR.



DIDRIKSONS
RONNE ÚLPA
STÆRD 140-170
VERÐ 17.995 KR.



DIDRIKSONS
KURE ÚLPA
STÆRD 80-140
VERÐ 13.995 KR.



DIDRIKSONS
SASSEN ÚLPA
STÆRD 130-170
VERÐ 16.995 KR.



DIDRIKSONS
IDRE KULDABÚXUR
STÆRD 80-140
VERÐ 9.995 KR.



DIDRIKSONS
STUXBERG ÚLPA
STÆRD 80-140
VERÐ 17.995 KR.



DIDRIKSONS
BJÖRNEN KULDAGALLI
STÆRD 80-140
VERÐ 17.995 KR.

ELLINGSEN

FÍSKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

WWW.ELLINGSEN.IS



Fimmtíu sex ára nemendur byrja í Grandaskóla

Kennarar taka á móti nýjum nemendum Grandaskóli í skólabyrjun.

Í haust hófu 50 sex ára nemendur skólagöngu sína í Grandaskóla. Mikil eftirvænting var hjá nemendum að byrja í skólanum og að kynnast skólanum og nýjum vinum. Kennarar sex ára nemenda í vetur eru Anna Birna Einarsdóttir, Guðfinna Ágústs dóttir og Ingi Páll Eiríksson.

Kvennabúrið á Aflagranda

Á Aflagranda er félagsmiðstöð þar sem rekin er tómstundaiðja fyrir þá sem hafa tíma aflögu eða eru hættir launuðum störfum. Þarna hafa konur átt athvarf að starfi loknu og líkað vel.

Þar er opin saumastofa fyrir konur sem mæta klukkan níu á morgnanna eins og þær væru að fara til vinnu, kaffi er framreitt kl. 9.30 og þá er spjallað og

heimsmálin eru leyst, eins og hver húsmóðir er von svo er saumað og þrjónað fram til kl. 12 eða 14 eftir getu hverrar fyrir sig. Þetta er því líkur glæsilegur opin vettvangur fyrir konur til að hittast yfir kaffibolla, ef ekki vill betur. Síðan er hádegisverður kl. 11:30 og svo eftirmiðdagskaffi kl. 14:30.

Allar konur eru velkomnar í Kvennabúrið.



Frá vinstri: Sveinbjörg, Ásthildur, Unnur, Sesselja, Lilja og Borghildur. Fremst eru Kristín Helga og Bergþóra.



REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

www.101.is

Bómullar brjóstahaldarar spangalausir



**Verið
velkomin í
Versluna
Ynju
Glæsibæ**

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álftheimar 74 - S. 544 4088 - www.ynja.is



Brenderup

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmöguleika kerrunnar.



**Frá
139.000,-
m/vsk**



**Frá
389.000,-
m/vsk**

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 2.835 kg.

**Frá
1.069.000,-
m/vsk**



Söluaðilar Motormax:

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-4500

MotorMax Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Haustdagar í Neskirkju

Það er alltaf eftirvænting og spennan í loftinu í Neskirkju á haustin. Þá hefst vetrarstarfið að nýju. Við hittum aftur börnin sem voru í sunnudagaskólanum í fyrra og foreldra þeirra, rjóð og sæl eftir sumarið, tíðir kirkjugestir á öllum aldri koma og segja fréttir úr fríinu og ný andlit birtast með fermingarbörnum og fólkinu þeirra. Við sem þjónum í kirkjunni reynum að raða saman dagskránni svo að allt fái tíma og ekkert rekist á. Kirkjuhúsið og safnaðarheimilið er hvort tveggja byggingar sem eru mikið notaðar og þannig á það líka að vera. Safnaðarheimilið gefur líka einstaka möguleika sem myndlistarsalur og þar eru reglulega opnaðar metnaðarfullar sýningar.

Sunnudagarnir eru einfaldir, þá er alltaf messa og barnastarf klukkan ellefu. Á mánudögum er barnastarf kl. 13.40 fyrir börn í 1. og 2. bekk grunnskóla. Börn í 3. og 4. bekk eru á þriðjudögum kl. 13.40 og 10 – 12 ára börn kl. 15.00 á þriðjudögum. Á þriðjudagskvöldum kl. 19.30 er æskulýðsfundur.

Þriðjudagarnir eru líflegir því að þá er líka opið hús fyrir foreldra og ungabörn kl. 10.30 – 12 í safnaðarheimilinu. Þarna er ekki formleg dagskrá heldur tækifæri fyrir foreldra ungra



barna að hittast og spjalla meðan börnin sofa, brosa, eða leika sér.

Kl. 12.10 er bænastund í kirkjunni og í framhaldi er boðið upp á heita súpu á hóllegu verði. Klukkan 13 hefjast svo Krossgötur, samvera fyrir eldri borgara þar sem jafnan er áhugavert efni eða fyrirlestur, gott kaffi og nú í vetur bætist við söngur eftir kaffi.

Í kirkjunni æfa fimm kórar, þar af eru þrír á vegum Neskirkju. Það eru kór Neskirkju sem æfir á miðvikudagskvöldum og eldri og yngri barnakór Neskirkju sem æfa kl. 14.30 og 15.30 á miðvikudögum.

Í haust verður tveimur föstum liðum bætt við. Annað er

þrjónahópur Neskirkju sem mun hittast síðasta mánudagskvöld í mánuði kl. 20 í kjallara kirkjunnar. Hann er opinn öllum sem vilja þrjóna í góðum félagsskap.

Fyrsta fimmtudagskvöld í hverjum mánuði verður svo Hvunndagshátíð með máltíð, söng og fróðleik í safnaðarheimilinu. Þessir fimmtudagar draga í raun saman það, hvernig við sjáum kirkjuna fyrir okkur. Hún er mannlífstorg þar sem hvert og eitt okkar er velkomið á okkar eigin forsendum.

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Neskirkju.

Um öngstrætin í heimi Tinna

Tinnabækur belgíska myndasöguhöfundarins Hergés hafa notið mikilla vinsælda um heim allan, allt frá því að Tinni leit fyrst dagsins ljós í formi framhaldssögu í kaþólsku dagblaði í Belgíu árið 1929. Fyrsta bókin um blaðamanninn knáa birtist í íslenskri þýðingu rúmum fjórtíu árum síðar og síðan þá hafa Tinni og félagar hans átt fastan sess í hjörtum íslenskra lesanda.

Heimur Tinna á sér þó líklega skuggalegri hliðar en hinn venjulegi lesandi hefur gert sér grein fyrir. Vissir þú til dæmis að Hergé, skapari Tinna, slapp naumlega við fangelsisvist eftir seinni heimsstyrjöldina, þar sem hann var grunaður um að hafa unnið með nasistum? Bækurnar um Tinna hafa sömuleiðis verið gagnrýndar fyrir kynþáttafordóma og kvenfyrirlitningu, en af þeim 350 persónum sem byggja heim Tinna eru einungis átta konur – og flestar þeirra ansi ókræsilegar persónur.

Sjónvarpsmaðurinn og Tinnafræðingurinn Gísli Marteinn Baldursson ratar vel um flest öll öngstrætin í veröld Tinna, og leiðir áheyrendur með sér á Bókakaffi í Gerðubergi, miðvikudagskvöldið 26. september. Hann flutti fyrr á árinu útvarpsþættina Ævintýri Tinna á Rás 1, þar sem hann skoðaði þennan sívinsæla bókaflökk ofan í kjölinn. Vissir þú að Ísland, nánar tiltekið Akureyri, er eina landið á Norðurlöndunum sem Tinni heimsótti? Eða að sumir standa á því fastar en fótunum að Tinni sé hinsegin?

Bókakaffi í Gerðubergi er haldið á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur og fer fram fjórða miðvikudagskvöld í mánuði. Dagskráin hefst kl. 20 og stendur til 22. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin




Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Allt að
50% afsláttur
af völdum
umgjörðum

Ray-Ban

VANNI
MADE IN ITALY. FOR SURE.

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFINGER

Red Bull®


BOSS
HUGO BOSS

CEBE

LOUIS MARCÉL

bolle

iGreen
Hi-Tech Frames

JENSEN
EYEWEAR

Tilboðsdagar!



Eyesland er glæsileg gleraugnaverslun sem býður viðskiptavinum sínum gæðavörur á góðu verði. Heimspekt vörumerki og fjölbreytt vöruval auk þess sem boðið er upp á sjónmælingar. Í boði er fjölbreytt úrval af gleraugum af öllum gerðum s.s. lesgleraugum sem og margskiptum gleraugum, linsum, sólgleraugum, hjólagleraugum, hlaupagleraugum, skíðagleraugum, fjallagleraugum og veiðigleraugum með eða án styrks.

Kíktu í heimsókn á Grandagarðinn eða í Glæsibæ og skoðaðu úrvalið.